

Fundargerð

33. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2018-2020, haldinn í A-sal Íþróttamiðstöðvarinnar í Laugardal, þriðjudaginn 4. febrúar 2020.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Fjóla Signý Hannesdóttir, Guðlaug Baldvinsdóttir, Gunnar Svavarsson, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Eiríkur Mörk Valsson og Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri.

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð - Fundargerð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Samþykktur var samningur um tímatöku rafrænt sem erindi á milli funda. Fundargerð frestað.

2. RIG

Farið yfir fjárhagslegt- og tæknilegt uppgjör, afrek og niðurstöðu. Margt gott og eitt og annað sem mátti betur fara. Unnið að uppfærslu gátlistans vegna undirbúnings 2021.

3. MÍ í langhlaupum

Rætt og stjórn FRÍ samþykkir tillögu langhlaupanevndar með fyrirvara um umsókn aðildarfélags.

4. EM eldri – Utan brautar

Rætt um að setja fram umsókn um 2022. Ákveðið að setja saman 5 manna starfshóp til að hugsa til enda og undirbúa. Hugsanlega keyra sambærilegt MÍ 2021 til undirbúnings.

5. Afreksstefna ÍSÍ

Erindi ÍSÍ tekið fyrir um rýnihópa. Ákveðið að Eiríkur Mörk Valsson og Gunnlaugur Júlíusson verði fulltrúar FRÍ.

6. Frjálsíþróttaping

Rætt og farið yfir gátlistann. Ritara, framkvæmdastjóra og formanni falið að ganga frá atriðum í samræmi við listann.

7. Þjóðarleikvangur

Rædd staðan eftir samtali við mennta- og menningarmálaráðherra.

8. Önnur mál

- a. 5.000 og 10.000 km. Varaformanni og Kára Steini falið að koma með útfærslu.
- b. Rætt um Nordic Congress, dagskrá og viðburði fyrir gesti.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 17:45 með því að hópurinn tók RIG RIG hrópið. Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.